




ÁRSSKÝRSLA 2025




*Aukinn hiti á það bendir
að unni Kölski sálum trúum.
Til aðlögunar ylinn sendir
Egilsstaða- og Fellabúum.*

- Bragi Björnsson (1984)


Ort í kjölfar þess að árangur náðist við
borun holu 8 við Urriðavatn, sem gjörbreytti
rekstrarforsendum hitaveitunnar.

Efnisyfirlit

1. Ávarp formanns og framkvæmdastjóra	4	5. Verkefningin	32
2. Markmið og áætlanagerð	10	• Djúpivogur	
3. Fjármál	13	• Borgarfjörður	
• Rekstrarreikningur		• Seyðisfjörður	
• Eignir og eigið fé		• Egilsstaðir	
• Sjóðstreymi		• Fljótsdalshérað	
4. Starfsemin	19	6. Ársreikningur KPMG	41
• Tölulegar upplýsingar úr rekstri		• Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdarstjóra	
• Fjarvarmaveitan á Seyðisfirði		• Áritun óháðs endurskoðanda	
• Jarðhitaleit		• Rekstrarreikningur	
• Framkvæmdir á skrifstofuhúsnæði		• Efnahagsreikningur	
• Nýtt hreinsivirki á Egilsstöðum		• Sjóðstreymisyfirlit	
		• Skýringar	



HAGNAÐUR
293 m.kr.



REKSTRARHAGNAÐUR
501 m.kr.



EBITDA
47 %



EIGNIR
3.803 m.kr.



EIGINFJÁRHUTFALL
67 %



FJÁRFESTING ÁRSINS
427 m.kr.



HANDBÆRT FÉ
563 m.kr.

1

Ávarp formanns og framkvæmdastjóra

Skýr framtíðarsýn

HEF veitur styrkjast enn og vaxa með metnaðarfullum verkefnum og nýjum áskorunum. Árið 2025 einkenndist af nýjum starfsþætti, fjarvarmaveitu á Seyðisfirði auk áframhaldandi uppbyggingu innviða félagsins víða í Múlaþingi. Tímabil jarðvarmaleitar er yfirstandandi í og við alla þéttbýliskjarna í sveitarfélaginu. Jarðhitaleit hefur staðið yfir á Búlandsnesi við Djúpavog í rúm 30 ár og senn líður að því að verkefninu verði endanlega lokið, vonandi með vel heitu vatni, en til vara að geta nýtt volgt vatn sem varmagjafa í miðlæga varmadælu fyrir þorpið. Á árinu fengust styrkir til leitar að jarðvarma í Seyðisfirði fyrir fjarvarmaveituna, auk rannsóknarstyrks á Borgarfirði eystra, hvort þar



Ívar Karl Hafliðason
formaður stjórnar

sé einhver von um varma til húshitunar. Unnið verður að báðum verkefnum 2026. Viðræður við landeigendur í Eiðabinghá um jarðhitaleit og -réttindi hafa staðið yfir lengi. Vonir standa til að samningar náist á næstu mánuðum. Hreinsistöð fráveitu við Egilsstaði var steypt upp og verður hún gangsett í sumarbyrjun 2026.

Samhliða því heldur félagið áfram að leita leiða til að tryggja hagkvæmni og stöðugleika í veitukerfunum, með skýra framtíðarsýn að leiðarljósi. Félagið er meðvitað um áskoranir á fjármálamarkaði en stefnir að því að tryggja langtímahagkvæmni og vandaða innviðaupbyggingu sem mun nýtast komandi kynslóðum.



Aðalsteinn Þórhallsson
framkvæmdastjóri

Samgönguáætlun

Undir lok árs 2025 kynnti innviðaráðherra breytingar á forgangsröðun jarðganga í samgönguáætlun 2026–2040. Frestun Fjarðarheiðarganga og nýs vegar yfir Öxi mun hafa veruleg áhrif á rekstrarumhverfi HEF veitna. Fyrir félag sem rekur grunninnviði á víðfeðmu og veðurfarslega krefjandi svæði eru öruggar og greiðar samgöngur forsenda rekstraröryggis, ekki síður en byggðapróunar.

Starfsemi félagsins krefst reglulegra ferða milli byggðakjarna og skjótra viðbragða þegar bilanir eða frávik koma upp. Aðgengi að Seyðisfirði yfir Fjarðarheiði skiptir þar sköpum, enda getur skert færð haft bein áhrif á viðbragðstíma, afhendingu búnaðar og öryggi veitukerfa. Sama gildir um

tengingar við Djúpavog þegar leiðin um Öxi lokast og ferðatími lengist verulega. Slíkar aðstæður auka rekstraráhættu og draga úr viðnámsþoli innviða.

HEF veitur sendu inn umsögn um áætlunina til Alþingis, þar sem bent var á mikilvægi þess að markmið um aukið áfallapol og tvínýtingu innviða endurspeglis í skýrri forgangsröðun samgönguframkvæmda. Jarðgöng og öruggar heilsárstengingar eru ekki einungis samgöngubætur heldur öryggisinnviðir sem styðja við almannavarnir og áreiðanlega grunnþjónustu. Þrátt fyrir þessi vonbrigði mun félagið áfram vinna markvisst að styrkingu eigin kerfa og tryggja traustan rekstur við þær aðstæður sem fyrir hendi eru, um leið og lögð er áhersla á heildstæða uppbyggingu innviða til framtíðar.

Viðvarandi vöxtur

Sem fyrr, hefur rekstur gamalgróinna starfsmanna verið ágætlega stöðugur og vaxandi. Stökk varð í veltu við yfirtöku farvarmaveitu á Seyðisfirði, sem hefur leitt af sér 25% veltuaukningu í rekstri félagsins frá fyrra ári.

Fjárfestingar

Á árinu 2025 var víða unnið að uppbyggingu og endurnýjun veitukerfa félagsins. Á Djúpavogi hélt jarðhitaleit áfram með borunum rannsóknarhola og frekari rannsóknum á hitafari svæðisins.

Á Borgarfirði eystra var ráðist í umbætur á vatnsveitu með það að markmiði að styrkja



Stjórnarfundur undirbúinn: F.h. Ívar Karl Hafliðason, Aðalsteinn Þórhallsson, Ágústa Björnsdóttir og Vilhjálmur Jónsson

vatnsgæði og rekstraröryggi til framtíðar. Byrjað var á stækkun og uppfærslu á tæknirými við miðlunartank ásamt undirbúningi fyrir uppsetningu gegnumlýsingarbúnaðar sem ætlað er að tryggja stöðug og öruggari vatnsgæði. Þá var tengt inn á nýja stofnlögn sem lögð hafði verið árið áður, sem

markar mikilvægt skref í endurnýjun dreifikerfisins. Einnig fékk félagið styrk til jarðhitaleitar í firðinum og stefnt er að frekari rannsóknum á næstu misserum. Á Seyðisfirði lauk framkvæmdum við lagningu veitulagna í Lækjargötu og unnið var að endurnýjun hluta stofnlagnar meðfram Hafnargötu. Þá tók HEF

við rekstri fjarvarmaveitu staðarins í upphafi árs og réðst í endurnýjanir á húsnæði og stýringum á katlinum.

Á Egilsstöðum hófst bygging hreinsivirkis við Melshorn og ráðist var í færslu fráveitulagnar við flugvöll Egilsstaða vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar þar. Þá var unnið að umfangsmikilli endurnýjun veitulagna í Hjarðarhlíð og Bláskógum samhliða framkvæmdum við endurnýjun yfirborðs gatna á vegum Múlapings. Á árinu var einnig hafin innleiðing snjallmæla í hitaveitukerfi Egilsstaða með uppsetningu fyrstu mæla og uppbyggingu samskiptainviða.

Í dreifbýli var meðal annars unnið að lagningu nýrra veitulagna í Unabyggð á Völlum, auk þess sem unnið var að undirbúningi úrbóta í vatnsöflun og eftirliti við vatnsveitu Eiða.

Fjármögnun

Stjórn félagsins hefur um alllangt skeið frestað lántöku til að standa undir innviðauppbýggingu félagsins vegna hárra vaxta á íslenskum fjármáلامarkaði.

Samstarf og samvinna

Samstarf með Umhverfis- og framkvæmdasviði Múlapings hefur verið í þróun og fer stöðugt vaxandi. Samlegð í verkefnum er mikil og náð samráð og sameiginleg verkkaup skila óvirklegt hagkvæmni fyrir báða aðila. Þá er reglulega fundað með Rarik og mögulegum samstarfsflötum velt upp.

Sjálfvirkni

Síðastliðið ár hefur aukin áhersla verið lögð á sjálfvirkni í rekstri veitunnar. Við yfirtöku fjarvarmaveitunnar á Seyðisfirði var tekin sú ákvörðun að auka sjálfvirkni og vöktun þeirra ferla sem fylgja daglegum rekstri, með það að markmiði að bæta rekstraröryggi og yfirsýn og stytta viðbragðstíma.

Á árinu 2025 hófst tilraunaverkefni um innleiðingu snjallmæla, samhliða uppsetningu loftneta sem mynda grunn að nýju samskiptakerfi veitunnar. Með þessari uppbyggingu er lagður grundvöllur að sjálfvirkri gagnaöflun frá mælum, rauntímavöktun og markvissari greiningu á notkun og ástandi kerfa. Verkefnið er mikilvægt skref í átt að snjallvæðingu veitunnar og styrkir getu hennar til að taka ákvarðanir byggðar á samtímagögnum fremur en áætluðum forsendum.

Snjallmælar auka nákvæmni í mælingum, einfalda aflestur og fækka ósjálfvirkum verkferlum. Um leið skapast betri yfirsýn yfir notkunarmynstur, möguleg frávik og leka í dreifikerfum, sem gerir starfsfólki kleift að grípa fyrr inn í og fyrirbyggja rekstrartruflanir. Á dreifðu þjónustusvæði, þar sem vegalengdir eru miklar og aðstæður geta verið krefjandi, skiptir slík yfirsýn sköpum fyrir hagkvæman og öruggan rekstur.

Aukin sjálfvirkni og snjallvæðing er þannig ekki einungis tæknilegt umbótaverkefni, heldur liður í því að styrkja **traust**, **ábyrgð** og **framsækni** í starfsemi félagsins.

Gæði, umhverfi og eftirlit

Undanfarin ár hafa komið upp tilvik þar sem gerlamengun hefur mælst í neysluvatni veitunnar. Í kjölfarið var ráðist markvisst í aðgerðir til að bæta öryggi vatnsbóla og tryggja gæði. Á Borgarfirði eystra hófst á árinu vinna við uppfærslu tæknirýmis við vatnstank, sem ætlað er að bæta rekstraröryggi og vatnsgæði. Framkvæmdum verður lokið á árinu 2026.

Á Djúpavogi hefur nýtt og öflugra vatnsból verið tekið í notkun sem tryggir bænum stöðugra aðgengi að hreinu neysluvatni. Sú lausn hefur reynst vel og hefur aukið vatnsgæði í þorpinu.

Á árinu mældist engin mengun í neysluvatni í vatnsveitum félagsins, sem er einkar jákvætt.

Næstu skref felast meðal annars í að skoða varaafslausnir fyrir gegnumlýsingartæki, þar sem við á, til að tryggja órofið öryggi vatnsmeðferðar við mögulegt rafmagnsleysi.

Tæknistjóri félagsins vann ötullega að því á árinu að auka netöryggi, með því að fjölga eldveggjum í netkerfi veitunnar, til að minnka hættu á skemmdarverkum. Verkefnið er býsna umfangsmikið vegna dreifðrar starfsemi og mörgum útstöðvum í netkerfinu.

Samorka

Starfsmenn félagsins hafa tekið virkan þátt í starfi ráða og nefnda Samorku, samtaka orku- og veitufyrirtækja. Framkvæmdastjóri félagsins hefur skipað sæti meðstjórnanda í samtökunum og



Jarðhitaleit á Djúpavogi

hefur sinnt formennsku í vatnsveitufagráði síðustu misserin. Hann hefur einnig átt sæti í ráðgjafaráði veitufyrirtækja, líkt og mörg undanfarin ár. Starfsmenn félagsins hafa einnig tekið þátt í fundum

hitaveitu- og fráveitufagráða. Ávinningur félagsins af þátttöku í starfi samtakanna er ótvíræður og þekkingarmiðlun, samtal og samráð við starfsmenn annarra veitufyrirtækja afar dýrmætt.

Samorkuþing var haldið í maí í Hofi á Akureyri. Þingið heppnaðist vel og sóttu 4 starfsmenn félagsins þingið, sem samanstendur af fyrirlestrum og kynningum auk þjónustu- og vörusýningu þingdagana. 7.-8. maí 2026 verður fagþing vatnsmiðla haldið í Reykjanesbæ.

Samorka kynnti á desemberfundi sínum afrakstur mikillar og góðrar vinnu öryggishóps samtakanna við útgáfu handbókar um öryggismál HOP, sem kynnt verður á aðalfundi félagsins í mars 2026.

Tæknistjóri félagsins hefur starfað með netöryggishópi Samorku, sem varðaði leiðina að verkefni sem mun stórbæta netöryggismál félagsins.

Þakkir

Sérstakar þakkir viljum við færa starfsfólki félagsins, sem og stjórnarmönnum fyrir fagleg vinnubrögð og góðan starfsanda. Einnig viljum við þakka þeim verktökum sem hafa staðið þétt við bakið á okkur síðastliðin ár.

Þá er sveitarstjórn Múlaþings þakkað að félagið fái notið þess að búa við fjárhagslegt sjálfstæði og að fjármunir félagsins hafi ávallt verið nýttir til rekstrar og innviðaupbyggingar félagsins.

Ívar Karl Hafliðason,
formaður stjórnar
Aðalsteinn Þórhallsson,
framkvæmdastjóri.

Stjórn HEF veitna | 2025–2026



Ívar Karl Hafliðason (formaður)
Í stjórn frá 2022.



Ágústa Björnsdóttir
Í stjórn frá 2018 og áður í nokkur ár um síðustu aldamót.



Vilhjálmur Jónsson
Í stjórn frá 2022.



Helgi Hlynur Ásgrímsson
Í stjórn frá 2020.



Hildur Þórisdóttir
Í stjórn frá 2022.

Stjórn félagsins fundaði 12 sinnum á árinu 2025. 14 fundir hafa verið haldnir á starfsárinu, milli aðalfunda.

Skipurit

Stjórn
HEF



Framkvæmdastjóri
Aðalsteinn Þórhallsson

Framkvæmdadeild



Finnur Þorsteinsson
umsjónarmaður veitukerfa



Guðmundur Bjarnason
umsjónarmaður veitukerfa



Valdimar Fransson
lagerstjóri



Ásberg Logi Einarsson
verkamaður



Stefán Númi Stefánsson
verkamaður

Skrifstofa



Fjóra Sigurðardóttir
skrifstofustjóri



Nigar Khaligova
viðskiptafræðingur



Anna J. Kjerulf
ræstitæknir

Verkefnastofa



Védís Vaka Vignisdóttir
verkfræðingur



Þorsteinn B. Ragnarsson
tæknifræðingur



Skúli Vignisson
verkfræðingur
og umsjónarmaður
Fjarvarmaveitu Seyðisfjarðar

Gæða- og tæknideild



Haddur Áslaugsson
sérfræðingur



Glúmur Björnsson
jarðfræðingur

Á árinu störfuðu að jafnaði 12 manns hjá félaginu. Starfsmönnum hefur fjölgað jafnt og þétt, nokkuð í takti við aukin verkefni og umsvif félagsins. Valdimar og Guðmundur hófu störf á árinu. Skúli var ráðinn og hóf störf í mars 2026.

Jón Kr. Auðbergsson lét af störfum fyrir félagið um mitt ár eftir 11 ár. Jóni þökkum við samstarfið og faglegt framlag hans til starfseminnar.

Starfsmenn þjónustumiðstöðva Múlabings hafa stutt við starfsemina með þátttöku í stórum og smáum verkefnum og eru félaginu sérdeilis mikilvægir.

2

Markmið og áætlanagerð

Á árinu var unnið að því að innleiða gildi HEF veitna í daglegan rekstur. Gildin - **framsækni, traust** og **ábyrgð** - voru mótuð árið áður og mynda nú grunn að næstu skrefum í markmiðasetningu og áætlanagerð. Fram undan er vinna við að útfæra gildin í skýr og mælanleg markmið innan hvers kjarna og hvernar veitu, þannig að þau verði leiðarljós í daglegum ákvörðunum og forgangsroðun.


Starfsemi HEF er fjölbreytt og aðstæður ólíkar milli staða. Á Egilsstöðum er rekin vatnsveita, fráveita, hitaveita og gagnaveita. Á Seyðisfirði er sambærileg breidd í rekstri, þó með sérstökum áskorunum tengdum veðurfari og aðgengi. Á Djúpavogi er rekin

vatnsveita og fráveita, samhliða jarðhitaleit með það að markmiði að skapa forsendur fyrir hitaveitu til framtíðar. Á Borgarfirði eystra er starfsemin af öðrum toga og umfang minna, en kröfur um öryggi og áreiðanleika eru þær sömu.

Þessi breidd þýðir að verkferlar, áhættumat og forgangsroðun er ólík milli staða. Markmið í hitaveitu snúa að orkuöflun, rekstraröryggi og hitastýringu, á meðan vatnsveitur leggja áherslu á vatnsöryggi, gæðavöktun og verndun auðlinda. Fráveita krefst langtímaáætlunar um endurnýjun og umhverfismál, og gagnaveita þróast hratt í takt við auknar kröfur um stafræna innviði. Á Djúpavogi bætist við

þróunarverkefni jarðhitaleitar, þar sem áhersla er á rannsóknir, áhættustýringu og framtíðarsýn.

Á árinu var því lögð sérstök áhersla á að samræma verklag þar sem það á við, einfalda boðleiðir og auka sjálfvirkni, en um leið viðurkenna að rekstrarumhverfi hvers kjarna er einstakt. Áætlanagerð félagsins þarf að endurspeglar þetta flækjustig; hún er bæði staðbundin og heildstæð. Með skýrri markmiðasetningu innan hvers rekstrarsviðs og reglulegri eftirfylgni er unnið að því að tryggja að stefna félagsins verði lifandi verkfæri í daglegum rekstri en ekki eingöngu yfirlýsing.





Stefna

Til að styrkja stöðu félagsins sem leiðandi veitufyrirtæki munu skýr markmið verða sett.

Sjálfbær auðlindanýting

Auka nýtingu orku og vatns með nýjustu lausnum í rekstri og endurnýtingu auðlinda. Varmadælu, jöfnunartankar, sorpbrennsla og fleiri hugmyndir eru til skoðunar.

Öruggt og traust veitukerfi

Styrkja innviði okkar með skýrri áætlun um fyrirbyggjandi viðhald, endurnýjun og uppbyggingu.

Aukið vatnsöryggi

Bora nýjar vatnsholur og tryggja dreifingu til að mæta vaxandi þörfum.

Raforka

Kanna möguleika í raforkuframleiðslu og -dreifingu.

Skilvirkari rekstur

Bæta verklag, skipulag og utanumhald framkvæmda, viðhalds og lagerstýringar.

Sterkari samfélagstengsl

Auka upplýsingagjöf og sýnileika fyrirtækisins meðal íbúa og hagsmunaaðila.

Gildi



Framsækni

HEF veitur vinna markvisst að því að þróa starfsemi með nýjum lausnum, innleiða bestu aðferðir og horfa til framtíðar. Við viljum vera leiðandi í nýtingu auðlinda, tækni og skipulagi.

Hvernig birtist þetta í daglegu starfi?

- Við sækjum sérþekkingu með reglulegri **menntun, ráðstefnum og nýsköpun**.
- Við höldum **reglulega vinnufundi** um þróun og framtíðartækifæri.
- Við tryggjum að áætlanagerð sé **framsækin og horfi til lengri tíma**.



Ábyrgð

HEF veitur bera ábyrgð á öryggi, auðlindanýtingu og þjónustu við samfélagið. Við tökum upplýstar ákvarðanir sem byggja á sjálfbærni og hagkvæmni til framtíðar.

Hvernig birtist þetta í daglegu starfi?

- Við veitum **skýrar og aðgengilegar upplýsingar** til íbúa og hagaðila.
- Við lágmarkum sóun og tryggjum **ábyrga nýtingu auðlinda** með kortlagningu ferla og stöðugum umbótum.
- Við tryggjum **skjótt og faglegt viðbragð** við ábendingum og áskorunum.



Traust

Traust er undirstaða starfsemi HEF veitna. Samfélagið, viðskiptavinir og samstarfsaðilar þurfa að geta treyst á þjónustu okkar, fagmennsku og heiðarleika í öllum aðgerðum.

Hvernig birtist þetta í daglegu starfi?

- Við tryggjum að **innviðum sé vel við haldið og þeir séu traustir**.
- Við bjóðum upp á **áreiðanlega þjónustu** sem uppfyllir væntingar viðskiptavina.
- Við viðhöldum **stöðugri upplýsingagjöf** til viðskiptavina og **bregðumst skjótt við** bilunum og rekstrartruflunum.



3


Fjármál

Rekstrarreikningur

Heildartekjur árið 2025 námu 1.055 m.kr. samkvæmt rekstrarreikningi samanborið við 841 m.kr. árið 2024, hækkuðu um 25% milli ára. Rekstrargjöld jukust einnig, úr 374 m.kr. árið 2024 í 554 m.kr. eða um 48%.

Rekstrarhagnaður fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld á árinu nam 353 m.kr. samanborið við 331 m.kr. árið 2024. Hrein fjármagnsgjöld námu 40 m.kr. samanborið við 60 m.kr. árið 2024, 54 m.kr. árið 2023, 56 m.kr. árið 2022 og 26 m.kr. árið 2021.

Hagnaður ársins fyrir reiknaðan tekjuskatt er um 313 m.kr. Tekjuskattur nam 20,3 m.kr. Rekstrarniðurstaða ársins er því um 293 m.kr. hagnaður en var 254 m.kr. árið 2024.





Eignir og eigið fé




Heildareignir félagsins í árslok 2025 námu 3.803 m.kr. samanborið við 3.300 m.kr. í árslok 2024.

Langtímakröfur eru 12,2 m.kr. í árslok en voru 12,8 m.kr. í árslok 2024.

Eigið fé félagsins er 2.553 m.kr. í árslok 2025 samanborið við 2.260 m.kr. í árslok 2024 og er eiginfjárlutfall félagsins 67,1% samanborið við 68,5% í árslok 2024. Arðsemi eigin fjár var 11,5% á árinu en var 11,2% 2024.

Heildarskuldir samkvæmt efnahagsreikningi námu 1.250 m.kr. í árslok 2025 samanborið við 1.040 m.kr. í árslok 2024. Langtímaskuldir námu alls 960 m.kr. í árslok, samanborið við 827 m.kr. árið áður.





Sjóðstreymi


Veltufé frá rekstri nam 456 m.kr. á árinu 2025 eða sem nemur 43% af heildartekjum ársins.


Að teknu tilliti til breytinga á rekstartengdum eignum og skuldum er handbært fé frá rekstri 563 m.kr. 2025, en var 454 m.kr. árið 2024.

Fjárfestingar námu samtals 427 m.kr. á árinu og greindust þannig að fjárfestingar í hitaveitu námu 181 m.kr., fjárfestingar í vatnsveitu námu 85 m.kr., fjárfesting fráveitu 314 m.kr., fjárfestingar í gagnaveitu 3 m.kr. og fjárfestingar fjarvarmaveitu 43 m.kr. að teknu tilliti til opinberra styrkja.

Afborganir langtímalána námu 56 m.kr. og afborganir leiguskulda 6 m.kr. Fjármagnskostnaður félagsins var 38 m.kr. á árinu 2025 samanborið við 61 m.kr. árið 2024.

Handbært fé í árslok var 22,6 m.kr samanborið við 4 m.kr. í árslok 2024.








4

Starfsemin


- BORGARFJÖRÐUR  
- EGILSSTAÐIR    
- SEYÐISFJÖRÐUR   
- DJÚPIVOGUR   



Tölulegar upplýsingar úr rekstri

	2025	2024	
Heildarmagn af heitu vatni	2.130	2.223	þús. m ³
Meðalvinnsla úr borholunum	67,5	70,5	l/sek
Mesta mánaðarvinnsla	280 (jan)	261 (jan)	þús. m ³
Aukning vinnslu milli ára	-4,2	1,4	%
Ársmeðalhiti á Tjarnarbraut	5,3	3,3	°C
Mesti hiti ársins	28,1 (16. ágú)	26,4 (14. júl)	°C
Lægsti hiti ársins	-15,5 (jan)	-17,2 (jan)	°C

Egilsstaðir og nágrenni



Hitaveita

Rekstrarkostnaður veitukerfis hitaveitunnar nam 62 m.kr. Rafmagn á dælubúnað kostaði 36,4 m.kr. á árinu, en var 31,7 m.kr. 2024. Alls er rekstrarkostnaður hitaveitunnar um 8 m.kr. hærrí 2025 en árið 2024.

	2025	2024	
Sala á heitu vatni skv. sölukerfi	1.830	1.853	þús. m ³
Sala um hemla í dreifbýli og til sumarhúsa	434	345	þús. m ³
Íþróttamannvirki á EGS og FB, notkun	126	119	þús. m ³
Notkun til afbræðslu	1	1	þús. m ³
Gróðurhúsin á Valgerðarstöðum, notkun	20	22	þús. m ³
Vök Baths, notkun	270	270	þús. m ³
Rafmagn á dælubúnað, kostn.	36,4	31,7	m.kr.
Rekstrarkostnaður hitaveitunnar	62	54	m.kr.
Heildartekjur af rekstri hitaveitu	323	313	m.kr.

Seyðisfjörður

Fjarvarmaveita	2025	
Sala á heitu vatni skv. sölukerfi	255	þús. m ³
Raforkukostnaður	132	m.kr.
Heildartekjur af rekstri	172	m.kr.
Niðurgreiðslur	61	m.kr.



Vatnsveita

Hækkandi raforkukostnaður og nýtt vatnsból í Búlandsá útskýrir að mestu hækkun rekstrarkostnaðar milli ára. Fjárfestingar við nýtt vatnsból í Búlandsá stóðu yfir á árinu 2024 sem einnig útskýrir muninn milli ára.

Rekstrarkostnaður
vatnsveitu í Múlaþingi

2025: **36** m.kr.
2024: **30** m.kr.

Heildartekjur
neysluvatns í Múlaþingi

2025: **189** m.kr.
2024: **190** m.kr.

Fjárfestingar
vatnsveitu í Múlaþingi

2025: **85** m.kr.
2024: **122** m.kr.



Kaldakvísl

Heildarvatnsmagn frá Köldukvísl árið 2025 var 854 þús. m³ eða að meðaltali 27,1 l/sek.

Dreifikerfi vatnsveitunnar frá Köldukvísl nær yfir Egilsstaði, Fellabæ, í Beinárgerði á Völlum og að Mýnesi í Eiðabínghá.

Búlandsá

Nýtt vatnsból var tekið í virkni á árinu 2025 og er fyrsta heila árið í rekstri. Eldra vatnsból í Búlandsdal uppfyllti ekki lengur þær kröfur sem gerðar eru til áreiðanleika og vatnsgæða og var því nauðsynlegt að tryggja nýja og öruggari lausn.

Nýja vatnsbólið krefst dælingar, ólíkt því sem áður var úr lóninu í Búlandsdal. Nýtt vatnsból hefur því í för með sér aukinn rekstrarkostnað á hvern afhentan rúmmetra vatns.

Fjarðará

Vatnstökusvæði Seyðisfjarðar er í inntakslóni Fjarðarselsvirkjunar í Fjarðará. Það sér öllum Seyðisfjarðarkaupstað fyrir neysluvatni. Vatnstakan er þannig gerð að 6 safnlagnir liggja undir lónið í drenmöl og undir sandi og síudúk undir fyllingarefni og virkar þetta sem fyrsta síun. Grjóttgarður liggur út í lónið og ver vatnstökusvæðið frá straumi. Drenrörin liggja svo í brunna á bakka lónsins og þaðan liggur vatnslögn niður í hreinsistöð veitunnar. Þar fer vatnið í gegnum sandsíur og gegnumlýsingartæki

Kaldakvísl	2025	2024	
Heildarmagn frá Köldukvísl	854	816	þús. m ³
Rafmagnskostnaður Köldukvísl	4,1	2,8	m.kr.

Búlandsá	2025	
Heildarmagn frá Búlandsá	485	þús. m ³
Rafmagnskostnaður Búlandsá	1,5	m.kr.

Fjarðará	2025	
Heildarmagn frá Fjarðará	560	þús. m ³
Rafmagnskostnaður	2,2	m.kr.

Fráveita




Álögð gjöld fráveitu voru 347 m.kr. og er hækkun frá fyrra ári um 28 m.kr. Kostnaður við rekstur fráveitukerfis 2025 nam 115 m.kr. en árið 2024 var kostnaðurinn 75,5 m.kr., hækkun um 39,5 m.kr. milli ára.

Á Egilsstöðum, Fellabæ og Hallormsstað eru rekstrarleigusamningar vegna hreinsivirkja í gildi til ársins 2027. Alls voru 247 rotþrær í dreifbýli hreinsaðar á árinu, en voru 200 á árinu 2024.

	2025	2024	
Álögð gjöld fráveitu	347	319	m.kr.
Rekstrarkostnaður	115	75,5	m.kr.
Hreinsaðar rotþrær	247	200	stk
Heildartekjur	351	324	m.kr.

Gagnaveita



Um áramót 2025-2026 voru 201 virkar tengingar og meiri hluti nýrra tenginga á árinu 2025 var í Berufirði.

Árið 2024 hóf Múlaping að leggja rör og ljósleiðara í Berufirði frá Þiljuvöllum, fyrir fjörðinn og allt að Eyjólfsstöðum í Fossárdal. Þetta verk er lokaáfangi af verkefninu Ísland ljóstengt og séð fyrir að klárast nú vorið 2026. Þar er nýtt samlegð með öðrum framkvæmdum á svæðinu. Að ósk Múlapings hefur HEF haft umsjón með því verkefni þar sem HEF nýtir þá þekkingu sem byggð hefur verið upp hjá félaginu.

	2025	2024	
Tekjur	20	16	m.kr.
Heildarfjöldi tenginga	201	187	stk.

Fjarvarmaveitan á Seyðisfirði

Fjarvarmaveitan á Seyðisfirði hefur verið starfrækt frá árinu 1981 og var lengst af rekin af RARIK. Kerfið byggir á 5 MW rafskautakatlum með olíuketil sem varaafli. Dreifikerfið er komið til ára sinna og hefur um árabíl verið ljóst að þörf er á verulegri endurnýjun kerfisins og búnaðar í kyndistöð, bæði til að bæta rekstraröryggi og draga úr varmatapi.

Óvissa um langtímarekstur veitunnar og tryggt aðgengi að raforku á viðráðanlegu verði leiddi til þess að RARIK tilkynnti árið 2017 um fyrirhugaða lokun veitunnar. Í kjölfarið hóf Múlaþing undirbúning að mögulegri yfirtöku og greiningu á framtíðarlausnum fyrir húshitun á Seyðisfirði.

Mikilvægur vendipunktur varð í október 2024 þegar nýr raforkusamningur við Landsvirkjun tryggði forsendur fyrir áframhaldandi rekstri veitunnar. Sá samningur skapaði nauðsynlegan grundvöll fyrir ákvörðun um yfirtöku og frekari uppbyggingu kerfisins.

Í kjölfarið var gengið frá kaupum á veitunni og formlegur kaupsamningur undirritaður 21. febrúar 2025. Með því hófst nýr kafli í rekstri fjarvarmaveitunnar, þar sem áhersla er lögð á stöðugan rekstur til skemmri tíma og markvissa endurnýjun og þróun kerfisins til lengri tíma..

Fyrsta árið í rekstri

Áhersla var lögð á að tryggja öruggan rekstur, auka yfirsýn og sjálfvirkni, ásamt því að leggja grunn að langtímaáætlun um endurnýjun og aukna orkunýtni.

Helstu verkefni ársins fólust í:

- Yfirferð á rekstrarstöðu og tæknilegu ástandi kerfisins
- Undirbúningi rannsókna á vatnsöflun og mögulegri varmadæluuppsetningu
- Jarðhitaleit í Nautakleif
- Öflun styrkja til áframhaldandi þróunar kerfisins
- Uppfærslu á stýringu rafskautaketils og aukinni þekkingu á kerfinu í kringum hann
- Eflingu vöktunar á kerfinu
- Endurbótum á aðstöðu starfsmanna í kyndistöðinni
- Lekaleit í dreifikerfi

Samhliða tæknilegri vinnu reyndist öflun starfsfólks áskorun. Erfitt reyndist að manna stöður með búsetu á Seyðisfirði, sem hafði áhrif á hraða verkefna á árinu. Þrátt fyrir það tókst undir lok árs að styrkja teymið og skapa betri forsendur fyrir áframhaldandi uppbyggingu rekstrarins. Mannauðsmál voru því einn af lykilþáttum í

rekstri veitunnar. Í byrjun árs 2026 var hafist handa við endurbætur á skrifstofuaðstöðu til að bæta vinnuaðstöðu og styðja við áframhaldandi uppbyggingu teymisins.

Meðal áhersla ársins var að afla styrkja fyrir komandi þróun kerfisins og fengu HEF veitur úthlutun fyrir Seyðisfjörð upp á 172 milljónir króna. Styrkurinn er gefinn út fyrir þrjú verkefni og skiptist í 28 m.kr. fyrir jöfnunartank, 121 m.kr. fyrir varmadælu og 23 m.kr. fyrir jarðhitaleit. Þessir styrkir eru helmingur af áætluðum kostnaði við hvert verkefni sem endurspeglast í áætlun komandi missera. Tvö af þremur verkefnum eru hafin, en ráðgjafi var fenginn til að hefja greiningu á möguleikum fyrir miðlæga varmadælu og fyrsta jarðhitaleitarholan var boruð á árinu.

Rekstur veitunnar gekk ekki hnökralaust í lok árs. Í desember komu upp rekstrartruflanir sem tengdust rafskautakatlunum, einkum í kjölfar uppfærslu á stjórnbúnaði hans þar sem ákveðnar byrjunarörðugleikar komu í ljós. Frá september 2025 hefur HEF unnið að umfangsmiklum endurbótum á sjálfvirkni og vöktun ketilsins, sem hefur skilað betri yfirsýn og reglun á kerfinu. Í kjölfarið komu þó í ljós frekari áskoranir sem tengjast aldri búnaðarins,

meðal annars ónákvæmir eða bilaðir mælar sem torvelduðu bilanagreiningu og greiningu á rekstrarfrávikum.

Framtíðarsýn

Ljóst er að verulegar fjárfestingar eru nauðsynlegar á næstu árum, bæði í dreifikerfi og kyndistöðinni sjálfri, en jafnframt liggja fyrir raunhæfir möguleikar til að bæta nýtingu, lækka rekstrarkostnað og draga úr brennslu jarðefnaeldsneytis. Eitt af stóru markmiðunum er að útrýma notkun á olíukatlinum, sem hefur verið talsverður ónæðisvaldur fyrir nágranna veitunnar. Með þeim styrkjum sem fengust á árinu 2025, sérstaklega með tilkomu jöfnunartanks, skapast betri forsendur til að vinna markvisst að því markmiði.

Yfirtaka félagsins á rekstri fjarvarmaveitunnar markar því tímamót. Hún felur í sér bæði viðurkenningu á þeirri stöðu sem kerfið er í og skýra stefnu um að byggja upp sjálfbæra, hagkvæma og framtíðarmiðaða hitaveitu fyrir Seyðisfjörð. Árið 2025 var þannig grunnár í þeirri vegferð sem fram undan er.



Fjarvarmaveitan á Seyðisfirði



Stjórnarráð Íslands
Umhverfis-, orku- og loftslagsráð



Jarðhitaleit

Það má með sanni segja að nú séu sérstakir tímar í orkumálum á starfssvæði HEF veitna. Um þessar mundir er jarðhitaleit annað hvort í gangi eða í undirbúningi í öllum þéttbýliskjörnum Múlaþings á Djúpavogi, Seyðisfirði, Borgarfirði eystra og Egilsstöðum.

Markmiðið með þessari vinnu er að kanna möguleika á nýtingu jarðhita til upphitunar, hvort sem er með beinni nýtingu heits vatns eða með lághitalausnum þar sem vatn úr borholum er nýtt sem orkugjafi fyrir varmadælur. Jarðhitaleit er þó langt og krefjandi ferli þar sem niðurstöður fást oft aðeins með þolinmæði, rannsóknum og tilraunum.

Jarðhiti jafnar leikinn

Félagið hlaut í lok septembermánaðar styrki úr jarðhitaleitarátaki „Jarðhiti jafnar leikinn“ sem ráðherra auglýsti í byrjun árs. Heildarstyrkupp hæð til veitunnar nemur 180 m.kr. og er ætluð í verkefni á Seyðisfirði og Borgarfirði. Alls var 172 m.kr. úthlutað fyrir Seyðisfjörð, þ.e. 28 m.kr. fyrir jöfnunartank, 121 m.kr. fyrir varmadælu og 23 m.kr. til jarðhitaleitar. Fyrir Borgarfjörð fengust 8 m.kr. til jarðhitaleitar. Fulltrúi HEF veitna kynnti starfsemi félagsins og verkefnið við úthlutunarathöfn í Umhverfisráðuneyti 23. september.

Jarðhitaleit Djúpavogi

Á árinu 2025 stóðu HEF veitur fyrir umfangsmikilli jarðhitaleit á svæðinu við Djúpavog. Boraðar voru fjórar nýjar rannsóknarholur og þrjár eldri holur dýpkaðar. Samtals voru boraðir um 1.300 metrar, þar sem mesta dýpi náði 408 metrum.

Borbræður önnuðust allar boranir á árinu fyrir félagið með jarðborunum Bláma og Árna. Í lok febrúar kom mælingabíll frá ÍSOR á svæðið og framkvæmdi holumyndun á nýjum holum sem og völdum eldri holum, til að afla nánari gagna um jarðlög og hitafar.

Í febrúar boraði Blámi holuna DPV-34 niður á 204 metra dýpi. Markmiðið var að kanna mögulega tengingu milli tveggja afkastamestu holanna á svæðinu, en ekki tókst að staðfesta slíka tengingu. Í kjölfarið var DPV-35 boruð niður á 330 metra. Hitastig jókst jafnt og þétt niður á um 250 metra dýpi, en eftir það stöðvaðist hitaaukning og lokahitastig mældist um 40°C.

Í mars var holan DPV-25 dýpkuð úr 123 metrum niður í 204 metra. Þetta var ekki fyrsta tilraun til dýpkunar í holunni, en á bilinu 115–120 metrar liggur öflug jarðhitaæð sem hafði áður torveldað frekari framgang. Engin marktæk hitaaukning mældist neðan þeirrar æðar.

Í júní var DPV-21 dýpkuð úr 138 metrum niður í 300 metra, einnig með Bláma. Leitarsvæðið hefur smám saman færst norður fyrir þjóðveg, í takt við niðurstöður mælinga og jarðfræðigreininga.

Lokaáhlaup ársins hófst í nóvember/desember þegar DPV-36 var boruð. Skömmu fyrir jól boraði Árni holuna niður á 408 metra dýpi. Þar mældist 45°C hiti og er DPV-36 nú heitasta og dýpsta hola svæðisins. Þrátt fyrir að ekki hafi tekist að skera afgerandi jarðhitaæð gefa niðurstöðurnar tilefni til áframhaldandi bjartsýni.

Jafnframt var DPV-37 boruð sem 60 metra hitastigulshola, en Blámi sá um þá framkvæmd.

HEF veitur munu halda jarðhitaleit áfram á svæðinu með svipuðum hætti. Verkefnið nýtur áfram stuðnings úr Orkusjóði, en styrkur var veittur árið 2023 til rannsókna á svæðinu.

Á árinu var jafnframt tekin ákvörðun um að hefja frumhönnun hitaveitu fyrir Djúpavog og meta nýtingarmöguleika núverandi auðlindar. Holan DPV-28, sem boruð var árið 2007, gefur um 4–10 l/s af 46°C heitu vatni. Til skoðunar er hvort nýta megi þann straum til upphitunar á Sundlaug Djúpavogs. Undirbúningsvinna við þá greiningu er hafin.

Jarðhitaleit

Jarðhitaleit Seyðisfirði

Jarðhitaleit var sett af stað snemma árs 2025 með því að undirbúa borplan við Nautakleif. Stóð til að kanna möguleika á vatnsöflun fyrir varmadælu. Hóla SEY-25 var boruð um miðjan maí og var hætt í 120 metrum sökum lágs hitastiguls, einungis um 70 °C/km, en vatnsmagn var heldur ekki nægt til öflunar á miðlæga varmadælu. Stigullinn í kringum kaupstaðinn hefur áður mælst um 90°C/km. Til stendur að vinna áfram í jarðhitaleit á árinu 2026.

Jarðhitaleit Borgarfirði

Stefnt er að jarðhitaleit á Borgarfirði síðsumars 2026. Undirbúningur hófst seinni hluta árs 2025, en eftir stendur að sækja um rannsóknarleyfi fyrir verkefnið. Áætlað er að bora fimm grunnar hitastigulsholur víða um fjörðinn til að kanna hvort þar eru ummerki um nærliggjandi jarðhitasvæði, sem geta verið falin á yfirborði eins og þekkt er á Austurlandi.

Jarðhitaleit í Eiðapínghá

Rannsóknarleyfi frá Umhverfis- og orkustofnun til ársins 2030 var veitt í mars 2026.

Viðræður við landeigendur eru enn í gangi.



Framkvæmdir í skrifstofuhúsnæði

Breytingar voru gerðar á skrifstofuhúsnæði félagsins í Fellabæ á árinu, með það að markmiði að laga aðstöðuna að vaxandi starfsemi félagsins og bæta vinnuumhverfi starfsfólks. Í fyrstu fólst vinnan í því að fara yfir innra skipulag hússins og breyta bílskúr í fundaherbergi og starfsmannainngang. Bílskúrin hafði fram að því þjónað sem áhald- og boltageymsla Fellavallar og þar áður sem áhaldahús Fellahrepps. Þá var smíðuð lítil viðbygging við hlið norðurstafns fyrir loftræstikerfi.

Með breytingunum var opnað meira rými innan skrifstofunnar og vinnuaðstaða endurskipulögð þannig að hún styðji betur við daglegt samstarf og samskipti starfsfólks. Jafnframt var kaffistofa flutt í eldri fundasal, til að mæta fjölgun starfsmanna síðustu ára.

Í ágúst var farið í endurnýjun bárujárns og þakkanta á húsinu, sem var mikilvæg viðhaldsframkvæmd til að tryggja ástand og endingu byggingarinnar til framtíðar.



Nýtt hreinsivirki á Egilsstöðum

Melshorn

Á árinu 2025 hófust framkvæmdir við fyrsta áfanga nýrrar skólphreinsistöðvar á Melshorni sem mun þjóna Egilsstöðum og Fellabæ. Verkefnið markar mikilvægt skref í uppbyggingu fráveitukerfisins og undirbúningi fyrir auknar kröfur um hreinsun fráveitu.

Á vormánuðum var bygging húss stöðvarinnar boðin út og bærust tilboð frá þremur verktökum. Að undangenginni yfirferð var ákveðið að taka frávikstilboði Launafis ehf. Frávikið fólst í því að afhenda staðsteypt hús, einangrað að utan og klætt með áklæðningu. Verksamningur var undirritaður í júlí 2025.

Framkvæmdir hófust um sumarið með uppsteypu inn- og útrennslispróa og undirbúningi fyrir stöðvarhúsið. Verkið fór hægt af stað vegna ýmissa uppákoma í upphafi verks. Framgangur hefur svo verið nokkurn veginn eftir væntingum og mun byggingaverktaki skila sínum verkhluta fyrir lok marsmánaðar.

Í febrúar 2026 var framkvæmdaútböð auglýst er snýr að uppsetningu búnaðar og smíði og tenginu lagna. Samið hefur verið við lægstbjóðanda, og er reiknað með að þeim hluta ljúki í maí.



Færsla fráveitulagnar við flugvöll

Vegna fyrirhugaðrar stækkunar á flugbraut Egilsstaðaflugvallar þurfti að hliðra hluta fráveitulagnar, á 1,3 km kafla, sem tengist útrás frá hreinsistöðinni við Melshorn. Lögnin var upphaflega lögð árið 2020 meðfram flugvallarsvæðinu, en var hliðrað í nýjan skurð sem liggur til hliðar við núverandi legu áður en hún rennur áfram út í Lagarfjót.

Næstu áfangar

Eftir að hreinsistöðin við Melshorn er komin í virkni verður unnið að því að koma lögn frá Fellabæ, sem leysir af hólmi eitt hreinsivirki og þrjár rotþrær, yfir í Melshorn. Hönnun á þeim áfanga fer fram á árinu 2026 og reiknað með að framkvæma árið 2027.



5

Verkefnin

Djúpivogur



GÖTULAGNIR



VATNSVEITA

Markarland

Hönnunarvinna á lögnum í Markarland og Hammersminni fór fram seinni hluta árs 2025. Stefnt er að framkvæmdum í Markarlandi 2026 og Hammersminni 2027.

Víkurland

Til stendur að leggja lagnir samhliða uppbyggingu Víkurlands á Djúpavogi sumarið 2026.

Nýtt vatnsból

Árið 2024 höfðu tvær vatnsholur verið boraðar í eyrar Búlandsár. Á árinu 2025 voru holurnar tengdar inn á eldri stofnlögn sem áður lá frá vatnsbólínu í Búlandsdal og nýja vatnsbólíð tekið í notkun í maí sama ár.

Nýja vatnsbólíð er mikilvæg viðbót við vatnsöflun á Djúpavogi, en eldri vatnstaka var komin til ára sinna og erfitt hafði reynst að tryggja stöðug vatnsgæði.

Mælingar frá fyrsta rekstrartímabili sýna að vatnsgæði eru betri og stöðugri en áður. Vatnsbólíð er byggt upp með svipuðum hætti og mörg stærri vatnsból á Austurlandi. Tvær sverar fóðringar voru boraðar niður í laus jarðlög í Búlandsáreyrum og gataðar á hentugu dýpi þannig að vatn flæðir inn í holurnar úr setlögnum. Þaðan er vatninu dælt upp í miðlunartank.

Djúpivogur



HITAVEITA



Jarðhitaleit

Á árinu 2025 var áfram unnið markvisst að jarðhitaleit við Djúpavog. Boraðar voru fjórar nýjar rannsóknarholur og þrjár eldri holur dýpkaðar. Samtals voru boraðir um 1.300 metrar og náði mesta dýpi 408 metrum.

Borbræður sáu um boranir fyrir HEF veitur og mælingar voru framkvæmdar af ÍSOR til að afla frekari upplýsinga um jarðlög og hitafar á svæðinu. Niðurstöður ársins sýna hægfara hitaaukningu með

dýpi og er DPV-36 heitasta og dýpsta hola svæðisins með um 45°C hita. Þrátt fyrir að ekki hafi enn fundist afgerandi jarðhitaað gefa niðurstöður tilefni til áframhaldandi rannsókna.

Verkefnið nýtur styrks úr Orkusjóði, síðan 2023, og verður leit haldið áfram á svæðinu.

Forhönnun hitaveitu

Samþykkt var á stjórnarfundum í nóvember að hefja forhönnun á hitaveitu á Djúpavogi.

Borgarfjörður



HITAVEITA

Jarðhitaleit

HEF veitur hlutu styrk fyrir jarðhitaleit í Borgarfirði á árinu 2025 í átaki ráðuneytis um jarðhitaleit.

Aðeins ein hitastigulshola hefur verið boruð í Borgarfirði og er hún frá árinu 1978 þegar Drífandi, jarðbor frá Jarðborunum ríkisins boraði niður á 102 m dýpi. Síðan þá hefur ekki verið gerð tilraun til að

leita frekar að jarðhita í firðinum. Það stendur nú til bóta, en HEF fengu á liðnu ári 8 milljón króna styrk, gegn jafn háu framlagi veitunnar til að bora fimm hitastigulsholur til viðbótar og með því kanna hvort vísbendingar séu um jarðhita á svæðinu. Stefnt er á að bora sumarið 2026.



VATNSVEITA

Miðlunartankur

Mengunartilvik síðastliðinna ára í neysluvatni á Borgarfirði eystra hafa kallað á markvissar aðgerðir til að tryggja varanlega lausn á gæðum. Í kjölfarið var ákveðið að ráðast í uppsetningu gegnumlýsingartækis og endurbætur á tæknirými við vatnstankinn.

Framkvæmdir fóru af stað á árinu 2025; verkefnið var boðið út, hönnun tæknirýmis lauk og sökklar voru steptir. Ekki náðist að ljúka uppsetningu búnaðar og fullnaðarfrágangi á nýju tæknirými á árinu, en verkið heldur áfram árið 2026. Tankurinn verður þá jafnframt klæddur og nýtt gegnumlýsingartæki tekið í notkun sem mun tryggja gæði til framtíðar.

Endurnýjun stofnlagnar

Á árinu 2025 voru heimæðar tengdar inn á nýja stofnlögn sem lögð var 2023, sem markar mikilvægt skref í endurnýjun dreifikerfisins. Með þessari tengingu hefur hluti eldri lagna verið tekinn úr notkun og rekstraröryggi kerfisins aukist.

Ólokið er endurnýjun hluta stofnlagnar, frá vatnstankinum niður að bensínstöð. Gangi áætlanir eftir gæti sú endurnýjun klárast árið 2026 samhliða því að uppfærður miðlunartankur verður tekinn í notkun.

Seyðisfjörður



GÖTULAGNIR

Færsla á gamla ríkinu við Hafnargötu

Veitan réðst í endurnýjun á gömlu vatnslögninni á 45m kafla meðfram Hafnargötu, samhliða framkvæmdum við tilfærslu á gamla ríkinu sem þar stendur. Þar var einnig komið fyrir nýjum brunahana á svæðinu.

Lækjargata

Klárað var að leggja lagnir í Lækjargötu á Seyðisfirði, en gatan var svo malbikuð í júlí.



HITAVEITA

Fjarvarmaveita Seyðisfjarðar

Félagið eignaðist og tók við rekstri veitunnar í janúar. Aðstoð starfsmanna Rarik reyndist dýrmæt við innleiðingu veitunnar, en þeir hafa verið til taks meira og minna allt árið. Ýmsar áskoranir komu upp fyrsta

árið, en margt jákvætt einnig. Nánari umfjöllun um fyrsta árið og næstu skref er að finna í kafla um fjarvarmaveituna hér framar í skýrslunni.



VATNSVEITA

Endurnýjun stofnlagnar

Næsta áfanga í endurnýjun stofnlagnar neysluvatns á Seyðisfirði er í undirbúningi.



Egilsstaðir



GÖTULAGNIR

Hjarðarhlíð

Íbúum Hjarðarhlíðar var boðið til útifundar í apríl, þar sem þeim var gert kunnugt um fyrirætlanir veitunnar og Múlaþings að endurnýja lagnir og yfirborð götunnar. Fráveitu-, hitaveitu- og vatnsveitulagnir voru endurnýjaðar í götunni. Austurverk fjarlægði yfirborð og hóf framkvæmdir strax eftir páska og gekk vel. Var gatan malbikuð í júní, og gangstétt steipt og unnið að frágangi í kjölfarið.

Bláskógar

Í brakandi blíðu í maí var haldinn fundur með íbúum Bláskóga þar sem kynnt voru áform um endurnýjun lagna og yfirborðs götunnar. Framkvæmdir hófust í júní og aftur sáu Austurverk um jarðvinnu að undangengnu útboði. Fráveitu-, hitaveitu- og vatnsveitulagnir voru endurnýjaðar og gatan var malbikuð í október. Gangstétt bíður sumarsins 2026.



Nýjar lagnir komnar undir malbik í Hjarðarhlíð á Egilsstöðum

Egilsstaðir



FRÁVEITA



HITAVEITA

Melshorn

Reising hreinsivirkis við Melshorn á Egilsstöðum hófst í júlí 2025, en verksamningur var skömmu áður undirritaður við Launafl. Jarðvinna fór að mestu fram á sumardögum. Nánari umfjöllun um þá vegferð er að finna í kafla um Melshorn framar í skýrslunni.

Orkumælar

Eftir talsverða undirbúningsvinnu á árinu 2024 var ákveðið að hefja innleiðingu snjallmæla í hitaveitukerfi á Egilsstöðum. Mælarnir voru pantaðir frá Þýskalandi og leysa smám saman af hólmi eldri mæla sem einungis mæla rennsli. Með nýju mælunum fæst mun betri yfirsýn yfir orkunotkun, sem skapar aukin tækifæri til greiningar og bættrar stýringar á rekstri kerfisins.

Á árinu 2025 voru fyrstu mælarnir settir upp í nokkrum húsum víðsvegar um Egilsstaði og jafnframt voru sett upp tvö loftnet til að tryggja samskipti við mælana. Innkaup á samskiptabúnaði, ásamt aðstoð við uppsetningu og ráðgjöf, er í

Færsla fráveitulagnar við flugvöll

Í tengslum við áform ISAVIA um nýja akbraut austan flugbrautar á Egilsstaðaflugvelli réðst veitan í að hliðra hluta útrásarlagnar frá hreinsivirki á Melshorni út í Lagarfjót, eins og fram kemur í skýrslunni.

höndum fyrirtækisins Go-IoT ehf. á Egilsstöðum.

Í framhaldinu var hafið samstarf við Austurnet um uppsetningu hugbúnaðar sem safnar gögnum frá mælunum og birtir þau í yfirliti sem auðveldar starfsmönnum veitunnar að fylgjast með rekstri og greina frávik í kerfinu.

Verkefnið var á tilraunastigi á árinu 2025, en stefnt er að frekari uppsetningu snjallmæla í stórum hluta hitaveitukerfa á Egilsstöðum og Seyðisfirði á árinu 2026. Við innleiðingu sem þessa skiptir góð verkefnastýring og markviss upplýsingagjöf til íbúa og verktaka miklu máli.

Fljótsdalshérað



GÖTULAGNIR



VATNSVEITA



HITAVEITA

Unabyggð

Í Unabyggð á Völlum voru lagðar nýjar veitulagnir til að mæta uppbyggingu á nýju íbúðasvæði þar sem nokkur hús hafa þegar verið reist.

Eiðar

Vinna var lögð í að koma á varanlegri lausn á vatnsveitu Eiða á árinu, en vatnsöflun reyndist ábótavant á árinu 2024 þegar þurfti að keyra vatni í Eiða, frá Egilsstöðum.

Um tíma stóð til að bora við bakka Gilsár við Ormsstaði en fallið var frá því vegna óvissu og áforma um virkjunarframkvæmdir á Gilsárdal. Til skoðunar hefur verið að plægja vatnslögn frá dreifikerfi vatnsveitu Egilsstaða. Það komst þó ekki í framkvæmd og var óbreytt ástand á vatnsöflun á Eiðum um sumarið. Ástandið leit betur út lengi vel,

þrátt fyrir þurrt sumar en skyndilega, þegar ein dæla af þremur bilaði, varð vart við vatnsskort líkt og árið áður.

Farið verður í undirbúning og lagfæringar í Vatnstanki Eiða vorið 2026, m.a. að gera nýtt inntak fyrir viðbótarvatn í hann og bæta vöktun veitunnar og sjálfvirkni. Vonast er til þess að hægt verði að samnýta plægingu vatnslagnar frá Egilsstöðum með öðrum veitum en það mun seinka framkvæmdinni til ársins 2027.

Upptekt á dælu UV-10 við Urriðavatn

Undirbúningur upptekar á dælu við holu UV-10 við Urriðavatn er hafinn. Ástand dælu og búnaðar verður metið á árinu 2026 og til stendur að meta endurnýjunarþörf og tímasetja fyrirbyggjandi viðhald búnaðarins og holunnar.

Jarðhitaleit í Eiðarþinghá

Samningaviðræður við landeigendur stóðu yfir á árinu. Niðurstaða liggur ekki fyrir.



6

Ársreikningur 2025

Efnisyfirlit

1. Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdarstjóra	42
2. Áritun óháðs endurskoðanda	43
3. Rekstrarreikningur	45
4. Efnahagsreikningur	46
5. Sjóðstreymisyfirlit	48
6. Skýringar	50

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

HEF veitur er einkahlutafélag og sjálfstætt þjónustufyrirtæki sem rekur hitaveitu, vatnsveitu og fráveitu í sveitarfélaginu Múlaþingi ásamt uppbyggingu á gagnaveitu í dreifbýli.

Ársreikningur félagsins fyrir árið 2025 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Hagnaður varð af rekstri HEF veitna ehf. á árinu sem nam 293,2 millj. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir félagsins 3.802,3 millj. kr. í árslok. Eigið fé nam 2.552,9 millj. kr. í árslok og er eiginfjárlutfall félagsins 67,1%.

Í árslok 2025 nam hlutafé félagsins 582 millj. kr. og breyttist ekki á milli ára. Allt hlutafé er í eigu sveitarfélagsins Múlaþings, kt. 660220-1350 eins og í ársbyrjun.

Í upphafi árs keypti félagið fjarvarmaveitu á Seyðisfirði af RARIK. Haldið er utanum starsemi fjarvarmaveitunnar í sérstökum starfsþætti, sjá skýringu 18.

Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur arður til hluthafa á árinu 2026 vegna rekstrarársins 2025, en vísar að öðru leyti til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.


Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra HEF veitna ehf. eru reikningskil félagsins í samræmi við lög um ársreikninga. Að áliti stjórnar og framkvæmdastjóra gefur ársreikningurinn glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 31. desember 2025 og rekstrarafkomu félagsins sem og breytingu á handbæru fé á árinu.

Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar geymi glögg yfirlit um þróun og árangur í rekstri fyrirtækisins, stöðu þess og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem fyrirtækið býr við.

Stjórn og framkvæmdastjóri HEF veitna ehf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2025 með undirritun sinni.

Egilsstöðum, 10. mars 2026



Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og eigenda HEF veitna ehf.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning HEF veitna ehf. („félagið“) fyrir árið 2025. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2025 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við

lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka

athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.

- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Egilsstöðum, 10. mars 2026

KPMG ehf.



Rekstrarreikningur árið 2025

	Skýr.	2025	2024
Rekstrartekjur:			
Sala á vatni		453.394.677	286.093.131
Álögð gjöld		512.934.741	479.862.998
Aðrar tekjur		88.810.027	75.530.645
	3	<u>1.055.139.445</u>	<u>841.486.774</u>
Rekstrargjöld:			
Laun og launtengd gjöld	4	140.660.245	142.536.028
Lífeyrisskuldbinding, breyting		1.191.121	13.446.169
Rekstur veitukerfa		369.736.828	162.385.285
Annar rekstrarkostnaður		42.740.217	55.820.653
		<u>554.328.411</u>	<u>374.188.135</u>
Rekstrarhagnaður án afskrifta, fjármunatekna og fjármagnsgjalda		500.811.034	467.298.639
Afskriftir	7	<u>(147.427.685)</u>	<u>(136.015.115)</u>
Rekstrarhagnaður án fjármunatekna og fjármagnsgjalda		353.383.349	331.283.524
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	4	<u>(39.771.331)</u>	<u>(59.599.898)</u>
Hagnaður fyrir tekjuskatt		313.612.018	271.683.626
Tekjuskattur ársins	12	<u>(20.378.646)</u>	<u>(17.930.871)</u>
Hagnaður ársins	10	<u>293.233.372</u>	<u>253.752.755</u>

Efnahagsreikningur

Eignir

	Skýr.	2025	2024
Fastafjármunir:			
Óefnislegar eignir:			
Vatnsréttindi	6	6.226.425	6.531.099
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Fasteigniroglóðir		330.865.234	65.082.251
Veitukerfi		3.064.943.708	2.909.077.763
Borholur		136.868.180	125.700.702
Áhöld, tæki og búnaður		60.992.776	56.022.845
Leigðar eignir, hreinsivirki fráveitu		28.717.365	30.360.711
	7	3.622.387.263	3.186.244.272
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Fyrirframgreiddur kostnaður vegna Brúar lífeyrissjóðs	16	12.232.027	12.874.899
		12.232.027	12.874.899
		Fastafjármunir	3.205.650.270
		3.640.845.715	3.205.650.270
Veltufjármunir:			
Skammttímakröfur:			
Viðskiptakröfur	9	80.203.802	66.614.354
Kröfur á tengdan aðila vegna innheimtu tekna og styrkja ...		47.360.277	19.261.739
Aðrar viðskiptakröfur		11.953.578	4.208.990
Handbært fé	2k	22.571.211	3.951.271
		Veltufjármunir	94.036.354
		162.088.868	94.036.354
		Eignir samtals	3.299.686.624
		3.802.934.583	3.299.686.624

31. desember 2025

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	2025	2024
Eigið fé:			
Hlutafé		582.393.208	582.393.208
Lögbundinn varasjóður		145.598.302	134.158.160
Óráðstafað eigið fé		1.824.911.122	1.543.117.892
Eigið fé	10	2.552.902.632	2.259.669.260
Skuldbindingar:			
Lífeyrisskuldbinding	11	11.975.054	12.018.289
Tekjuskattsskuldbinding	12	61.721.171	49.195.553
		73.696.225	61.213.842
Langtímaskuldir:			
Skuldir við lánadrottna	13	411.080.121	467.225.165
Leiguskuldir	14	4.726.661	10.419.937
Fyrirframinnheimtir styrkir	15	156.761.482	0
Fyrirframinnheimtar tekjur	16	313.053.851	288.341.215
		885.622.115	765.986.317
Skammtímaskuldir:			
Skuldir við lánastofnanir		0	56.015.362
Næsta árs afborganir langtímaskulda	13	57.339.933	56.587.407
Næsta árs afborganir leiguskulda	14	6.078.041	5.623.722
Næsta árs innlausn fyrirframinnheimtra tekna	16	9.883.797	9.234.717
Viðskiptaskuldir		175.196.575	52.928.751
Skattar ársins	12	7.853.028	4.284.677
Aðrar skammtímaskuldir		34.362.237	28.142.569
		290.713.611	212.817.205
Skuldir samtals		1.250.031.951	1.040.017.364
Eigið fé og skuldir samtals		3.802.934.583	3.299.686.624

	Skýr.	2025	2024
Fjárfestingarhreyfingar:			
Fjárfestingar í hitaveitu		(186.909.714)	(138.709.439)
Styrkir vegna fjárfestinga í hitaveitu		6.140.507	69.157.876
Fjárfestingar í vatnsveitu		(84.859.895)	(122.284.081)
Fjárfestingar í fráveitu		(377.039.570)	(143.296.394)
Styrkir vegna fjárfestinga í fráveitu		62.811.369	35.686.638
Fjárfestingar í gagnaveita		(3.408.699)	(7.406.294)
Fjárfestingar í fjarvarmaveitu		(43.238.518)	0
Styrkir vegna fjárfestinga í fjarvarmaveitu		43.238.518	0
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir		0	500.000
Fyrirfram innheimt framlög		156.761.482	0
Fjárfestingarhreyfingar	7	(426.504.520)	(306.351.694)
Fjármögnunarhreyfingar:			
Skuldir við lánastofnanir, breyting		(56.015.362)	(68.440.419)
Afborganirlangtímalána.....		(56.370.806)	(56.744.525)
Afborganirleiguskulda.....		(5.623.722)	(20.827.100)
Fjármögnunarhreyfingar		(118.009.890)	(146.012.044)
Breyting á handbæru fé		18.619.940	1.811.058
Handbært fé í ársbyrjun		3.951.271	2.140.213
Handbært fé í árslok		22.571.211	3.951.271
Aðrar upplýsingar:			
Greiddur fjármagnskostnaður		37.695.173	61.446.725

Skýringar

1. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur HEF veitna ehf. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

2. Mikilvægar reikningsskilagerðir

a. Innlausn tekna

Tekjur af sölu á vatni eru færðar í rekstrarreikningi við útgáfu reiknings. Aðrar tekjur eru færðar í rekstrarreikningi við afhendingu vöru og þjónustu til kaupanda.

b. Færsla gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

c. Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í árslok. Verðlagsbreytingar og gengismismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

d. Óefnislegar eignir

Vatnsréttindi veitunnar eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem óefnislegar eignir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við eignarhaldstíma rekstrarfjármuna, þar til 10% niðurlagsverði er náð.

e. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

Leigðar eignir eru sérhæfð hreinsivirki í fráveitu sem félagið leigir til sín samkvæmt langtímaleigusamningi. Kostnaðarverð leigðra eigna telst vera gangverð hinnar leigðu eignar á samningsdegi eða núvirði lágmarksleigugreiðslna leigusamnings sé það lægra.

f. Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna annarra en leigðra eigna

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til 10% niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

Fasteignir og lóðir	5-25 ár
Veitukerfi	10-40 ár

Borholur	20-40 ár
Áhöld tæki og búnaður	5-20 ár

g. Afskriftir leigðra eigna

Afskriftir leigðra eigna eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við leigutíma eða nýtingartíma sé hann styttri. Afskriftartími leigðra eigna greinist þannig:

Hreinsivirki fráveitu	20 ár
-----------------------------	-------

h. Tekjuskattsskuldbinding

Hitaveituhluti félagsins fellur undir tekjuskattskylda starfsemi samkvæmt lögum um tekjuskatt nr. 90/2003 en vatnsveitu- og fráveitustarfsemi undanbegin.

Tekjuskattur af afkomu ársins samanstendur af tekjuskatti til greiðslu vegna ársins og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann varðar liði sem eru færðir beint á eigið fé, en í þeim tilvikum er tekjuskatturinn færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er áætlaður tekjuskattur sem greiða skal vegna skattskyldra tekna ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörsteggi og allar leiðréttingar á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára. Frestaður tekjuskattur er færður í samræmi við efnahagsskuldbindingaraðferðina vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og samkvæmt skattverði þeirra hins vegar. Fjárhæð frestaðs tekjuskatts er byggð á áætlaðri innlausn eða uppgjöri bókfærös verös eigna og skulda, með því að beita gildandi skatthlutfalli á uppgjörsteggi.

i. Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs

Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs vegna uppgjör A-deildar á árinu 2018 er færð til eignar og eru framlag lífeyrisaukasjóðs gjaldfært á 30 árum en framlag í varúðarsjóð á 20 árum til samræmis við ákvæði reglugerðar nr. 1212/2015.

j. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar niður í ársreikningnum. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreykingur, sem mæta á þeim kröfum, sem kunna að tapast og er hann dreginn frá viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

k. Handbært fé

Bankainnistæður teljast til handbærs fjár.

3. Rekstrartekjur

	2025	2024
Sala á vatni greinist þannig:		
Sala á heitu vatni	274.787.339	266.844.578
Sala á köldu vatni	18.931.947	19.248.553
Vatnssala fjarvarmaveitu	159.675.391	0
	<hr/>	<hr/>
	453.394.677	286.093.131
Álögð gjöld greinast þannig:		
Álögð vatnsveitugjöld	166.202.206	160.406.600
Álögð fráveitugjöld	346.732.535	319.456.398
	<hr/>	<hr/>
	512.934.741	479.862.998
Aðrar tekjur skiptast þannig:		
	2025	2024
Hitaveita:		
Mælaleiga (fastagjöld)	37.603.771	34.803.888
Tengigjöld	7.154.279	6.745.905
Húsaleiga	3.276.980	3.551.360
Annað	403.764	565.913
	<hr/>	<hr/>
	48.438.794	45.667.066
Vatnsveita:		
Mælaleiga (fastagjöld)	2.376.348	2.288.593
Tengigjöld	1.390.110	7.322.300
Seld vinna og efni	0	484.047
	<hr/>	<hr/>
	3.766.458	10.094.940
Fráveita:		
Tengigjöld	4.713.161	4.087.561
	<hr/>	<hr/>
	4.713.161	4.087.561

	2025	2024
Gagnaveita:		
Mánaðargjöld heimtauga	17.008.582	13.102.854
Tengigjöld	1.681.937	1.530.984
Annað	1.185.924	1.047.240
	<u>19.876.443</u>	<u>15.681.078</u>
Fjarvarmaveita:		
Mælaleiga	11.460.434	0
Annað	554.737	0
	<u>12.015.171</u>	<u>0</u>
Aðrar tekjur samtals	<u>88.810.027</u>	<u>75.530.645</u>

4. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2025	2024
Laun	147.964.296	147.802.115
Launatengd gjöld	36.801.647	35.561.788
Áunnið orlof, breyting	204.549	1.342.110
Lotun fyrirframgreidds kostnaðar vegna Brúar	642.872	642.872
	<u>185.613.364</u>	<u>185.348.885</u>
Eignfærð laun	(44.953.119)	(42.812.857)
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>140.660.245</u>	<u>142.536.028</u>
Fjöldi starfsmanna í lok árs	12	13
Fjöldi ársverka	11	12
Laun stjórnar og framkvæmdastjóra	30.867.500	29.968.716

5. Hrein fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

	2025	2024
Vaxtatekjur og verðbætur	665.601	1.401.662
Vaxtagjöld og verðbætur	(42.295.153)	(68.326.734)
Gengismunur	1.858.221	7.325.174
Hrein fjármagnsgjöld	<u>(39.771.331)</u>	<u>(59.599.898)</u>

6. Óefnislegar eignir

Á eignalið innvatsréttindi er færð fjárfesting í vatnsréttindum sem færð eru til gjalda á 40-50 árum.

Þessi liður greinist þannig:

	Vatnsréttindi hitaveitu	Vatnsréttindi vatnsveitu	Samtals
Bókfært verð 1. 1. 2025	656.099	5.875.000	6.531.099
Afskrifað á árinu	(54.674)	(250.000)	(304.674)
Bókfært verð 31. 12. 2025	<u>601.425</u>	<u>5.625.000</u>	<u>6.226.425</u>

7. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir, endurmat þeirra og afskriftir greinast þannig:

	Fasteignir og lóðir	Veitukerfi	Borholur	Áhöld, tæki og búnaður	Samtals
Heildarverð 1. 1. 2025	97.441.573	4.518.119.486	474.960.157	77.846.350	5.168.367.566
Afskrifað áður	(32.359.322)	(1.601.039.389)	(332.450.813)	(21.823.502)	(1.987.673.026)
Bókfært verð 1. 1. 2025	<u>65.082.251</u>	<u>2.917.080.097</u>	<u>142.509.344</u>	<u>56.022.848</u>	<u>3.180.694.540</u>
Viðbót á árinu	276.490.061	292.201.760	0	33.001.720	601.693.541
Styrkir á móti fjárfestingu	(4.933.330)	(16.210.300)	0	(22.061.380)	(43.205.010)
Afskrifað á árinu	(5.773.748)	(128.127.849)	(5.641.164)	(5.970.412)	(145.513.173)
Bókfært verð 31. 12. 2024	<u>330.865.234</u>	<u>3.064.943.708</u>	<u>136.868.180</u>	<u>60.992.776</u>	<u>3.593.669.898</u>

	Fasteignir og lóðir	Veitukerfi	Borholur	Áhöld, tæki og búnaður	Samtals
Heildarverð 31. 12. 2025	368.998.304	4.794.110.946	474.960.157	88.786.690	5.726.856.097
Afskrifað samtals	(38.133.070)	(1.729.167.238)	(338.091.977)	(27.793.914)	(2.133.186.199)
Bókfært verð 31. 12. 2025	330.865.234	3.064.943.708	136.868.180	60.992.776	3.593.669.898
Afskriftahlutföll	4-20%	2,5-10%	2,5-5%	5-20%	
Áætlaður nýtingartími	5-25 ár	10-40 ár	20-40 ár	5-20 ár	

Leigðar eignir (hreinsivirki fráveitu) greinast þannig:

Bókfært verð í upphafi árs	30.360.711
Afskrifað á árinu	(1.643.346)
Bókfært verð í lok árs	28.717.365
Afskriftarhlutföll	5%

8. Eignarhlutir í öðrum félögum

	Eignarhlutur	Nafnverð	Bókfært verð
Skógarorka ehf. (óveruleg starfsemi)	44,8%	9.000.000	0

9. Viðskiptakröfur

Niðurfærsla viðskiptakrafna greinist þannig:

	2025	2024
Niðurfærsla í ársbyrjun	22.925.463	18.949.037
Afskrifað á árinu	0	(7.365.213)
Breyting á niðurfærslu ársins	(13.173.190)	11.341.639
Niðurfærsla í lok árs	9.752.273	22.925.463

10. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Hlutafé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 31. 12. 2024	582.393.208	134.158.160	1.543.117.892	2.259.669.260
Lagt í lögbundinn varasjóð	0	11.440.142	(11.440.142)	0
Hagnaður ársins	0	0	293.233.372	293.233.372
Eigið fé 31. 12. 2025	582.393.208	145.598.302	1.824.911.122	2.552.902.632

11. Lífeyrisskuldbinding

Á félaginu hvílir skuldbinding vegna lífeyrisréttinda fyrrum starfsmanna félagsins. Hækkun ársins á lífeyrisréttindum, sem byggð er á útreikningi tryggingarstærðfræðings, er færð í rekstrarreikning og til hækkunar á lífeyrisskuldbindingunni. Greiddur lífeyrir er færður til lækkunar á lífeyrisskuldbindingunni. Breyting lífeyrisskuldbindingar greinist þannig:

Uppgjör vegna lífeyrisskuldbindingar Brúar í ársbyrjun	12.018.289
Framlag vegna lífeyrisgreiðslna	(1.234.356)
Hækkun lífeyrisskuldbindingar á árinu	1.191.121
Lífeyrisskuldbinding í árslok 2025	11.975.054

Núvirði áætlaðs framlags vegna lífeyrisgreiðslna greinist þannig á næstu ár:

Árin 2026-2030	5.532.365
Árin 2031-2035	3.752.192
Árin 2036-2040	1.980.375
Síðar	710.122
	11.975.054

Í október 2023 ákvarðaði stjórn Brúar lífeyrissjóðs að viðbótarframlag yrði innheimt hjá launagreiðendum frá og með janúar 2024 vegna tiltekins hóps lífeyrisþega sem væri með tryggð réttindi hjá sjóðnum. Nemur þetta framlag 10% af mánaðarlegum lífeyri þessara aðila. Við þessa ákvörðun myndaðist skuldbinding HEF veitna ehf. gagnvart þessum hópi lífeyrisþega hjá A deild Brúar lífeyrissjóðs.

12. Tekjuskattsskuldbinding

Tekjuskattsskuldbinding félagsins greinist þannig:

Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun	49.195.553
Reiknaður tekjuskattur	20.378.646
Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2026 vegna ársins 2025	(7.853.028)
Tekjuskattsskuldbinding í lok árs	<u>61.721.171</u>

Tekjuskattsskuldbinding félagsins skiptist þannig:

Varanlegir rekstrarfjármunir	62.537.236
Viðskiptakröfur	(1.257.664)
Frestaður gengishagnaður	441.664
	<u>61.721.171</u>

13. Langtímaskuldir

Yfirlit um langtímaskuldir:

Skuldir í íslenskum krónum:

Verðtryggt lán, vextir 6,25% á gjalddögum til 2030	67.062.507
Óverðtryggt lán, vextir 9,03%-9,35% á gjalddögum til 2038	264.838.428
Gengistryggt lán, vextir 0,54%-4,98% á gjalddögum til 2032	136.519.119
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	468.420.054
Næsta árs afborganir	(57.339.933)
Langtímaskuldir í efnahagsreikningi samtals	<u>411.080.121</u>

Framangreind vaxtahlutföll eru í samræmi við gildandi vaxtakjör lána í árslok 2025.

Lán eru öll tekin hjá innlendum fjármálastofnunum.

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig á næstu ár:

	Skuldir í ísl. krónum	Skuldir í erl. gjaldmiðlum	Samtals
Árið 2026	37.837.203	19.502.730	57.339.933
Árið 2027	38.386.328	19.502.730	57.889.058
Árið 2028	38.970.316	19.502.730	58.473.046
Árið 2029	39.591.367	19.502.730	59.094.097
Árið 2030	29.186.304	19.502.730	48.689.034
Síðar	147.929.417	39.005.469	186.934.886
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	331.900.935	136.519.119	468.420.054

Óverðtryggt lán félagsins hjá Arion banka sem nemur 77,1 millj. kr. í árslok var framlengt í nóvember 2023 og er það í samræmi við ákvæði lánasamning sem kveður á um heimild til að framlengja lánið til þriggja ára í senn allt til ársins 2035. Það er áætlun stjórnenda að viðhalda fjármögnuninni og eru því afborganir settar fram til samræmis.

14. Leiguskuldir

Félagið hefur gert leigusamninga um hreinsivirki, sem færðir er til skuldar.

Samtals leiguskuld, þ.m.t. næsta árs afborgun	10.804.702
Næsta árs afborgun	(6.078.041)
Samtals langtímahluti leiguskulda	4.726.661

Aðrir upplýsingar um leigusamninga:

	Leigutími	Ávöxtunastuðull	Núvirtar afborganir alls
Hreinsivirki	2003-2027	4,2%	10.804.702

Ónúvirtar lágmarksleigugreiðslur næstu ára greinast þannig:

Árið 2026	6.078.041
Árið 2027	4.726.661
Samtals	10.804.702

Greiðslur vegna leigusamninga á árinu 2025 námu 70,1 millj. kr.

Samningur um hreinsivirki frá 2003 rann út á árinu 2023 og samningur frá 2004 rann út 2024. Frá þeim tíma hefur félagið greitt mánaðlegar greiðslur fyrir afnot af umræddum eignum. Á árinu var greitt 64,9 millj. kr. vegna samninganna. Greiðslan byggir á upphaflegum forsendum samningsins.

15. Fyrirframinnheimtir styrkir

Samhliða á kaupum félagsins á Fjarvarmaveitur á Seyðisfirði þá greiddi seljandi 200 millj. kr. styrk til að mæta fjárfestingaþörf í veitunni. Styrkurinn af færður til skuldar sem fyrirframinnheimtar tekjur í árslok að frádregnum fjárfestingum ársins. Samtals nema fyrirframinnheimtir styrkir vegna fjarvarmaveitu 156,8 millj.kr. í árslok.

16. Fyrirframinnheimtar tekjur

Fyrirframinnheimtar tekjur í lok tímabilsins námu 322,9 millj. kr. Sá hluti fyrirframinnheimtra tekna sem tekjufærður verður á næsta ári er færður meðal skammtímaskulda. Tekjufærð tengigjöld á tímabilinu voru 10,7 millj. kr.

17. Fyrirframgreiðslur til Brúar lífeyrissjóðs

Fyrirframgreidd framlög vegna uppgjors við Brú lífeyrissjóðs eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Sá hluti sem verður gjaldfærður á árinu 2025 er færður meðal veltufjármuna, en það sem kemur til gjaldfærslu síðar er fært meðal fastafjármuna. Gjaldfærslur vegna uppgjorsins eru færðar meðal launa og launatengdra gjalda í rekstrarreikningi.

Gjaldfærslur vegna uppgjorsins og staða fyrirframgreiðslunnar greinast þannig á árinu:

Staða fyrirframgreiðslu í ársbyrjun	13.517.771
Gjaldfært á árinu	(642.872)
Staða fyrirframgreiðslu í árslok	<u>12.874.899</u>

Fyrirframgreiðsla greinist þannig í efnahagsreikningi:

Næsta árs gjaldfærsla, færð meðal veltufjármuna	642.872
Langtímahluti fyrirframgreiðslu	<u>12.232.027</u>
Samtals í efnahagsreikningi	<u>12.874.899</u>

Fyrirframgreiðsla skiptist þannig í árslok:

Framlag í lífeyrisaukasjóð	553.544
Framlag í varúðarsjóð	89.328
	<hr/>
	642.872

18. Önnur mál

Málaferli

Á árinu 2020 stefndi fyrrverandi framkvæmdastjóri félaginu til greiðslu tæplega 29 millj. kr. vegna vangoldinna launa við starfslok hans á árinu 2019.

Héraðsdómur Austurlands kvað upp dóm 26. júlí 2023, þar sem félagið var dæmt til að greiða stefnanda tæpa 1 millj.kr. með dráttarvöxtum og 0,9 millj.kr. í málskostnað. Stefnandi áfrýjaði niðurstöðunni til Landsréttar í kjölfarið og féll dómur á fyrri hluta árs 2025. Niðurstaða Landsréttar var að félagið skildi greiða stefnanda ríflega 10 millj. kr. auk dráttarvaxta.

Félagið óskaði eftir að fá málinu áfrýjað til Hæstaréttar Íslands og var það samþykkt. Gert er ráð fyrir máflutningi í mars 2026.

Nýr starfsþáttur

Í byrjun árs 2025 keypti félagið eignir og yfirtók rekstur fjarvarmaveitu Seyðisfjarðar af RARIK ohf. Yfirtaka miðast við 1. janúar 2025. Við kaupin bættist við fimmti starfsþátturinn í starfsemi félagsins, en fyrir rekur félagið hitaveitu, vatnsveitu, fráveitu og gagnaveitu.

19. Áhættustjórnun

Áhætta vegna vaxta og gjaldmiðla tengist reglulegri starfsemi félagsins.

a. Yfirlit

Eftirfarandi áhættur fylgja fjármálagerningum félagsins:

- Lánsáhætta
- Lausafjárahætta
- Markaðsáhætta.

Hér eru veittar upplýsingar um framangreindar áhættur en að auki eru veittar tölulegar upplýsingar víða í ársreikningnum.

b. Lánsáhætta

Lánsáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi félagsins ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar eða að tryggingar viðskiptamanna nægja ekki til að mæta þeirra skuldbindingum.

Viðskiptakröfur og aðrar kröfur

Lánsáhætta félagsins ræðst einkum af fjárhagsstöðu og starfsemi einstakra viðskiptamanna.

c. Lausafjárahætta

Lausafjárahætta er hættan á því að félagið geti ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar eftir því sem þær falla til. Miðað við rekstraráætlun félagsins fyrir árið 2026 má ætla að sjóðsflæði til félagsins standi að fullu fyrir skuldbindingum félagsins sem koma til greiðslu næstu 12 mánuði.

d. Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á því að breytingar í markaðsverði erlendra gjaldmiðla og vaxta hafi áhrif á afkomu félagsins eða virði fjárfestinga þess í fjármálagerningum.

Vaxtaáhætta

Vextir af óverðtryggðum lánum félagsins eru fljótandi. Vextir af verðtryggðum lánum félagsins eru festir að meðaltali í eitt ár.

Gjaldmiðlaáhætta

Gjaldmiðlaáhætta félagsins verður til vegna lántöku sem er tengd öðrum gjaldmiðlum en krónum. Heildarskuldir félagsins sem eru háðar gengisáhættu námu í árslok 136,5 millj. kr. (2024: 157,5). Hluti varanlegra rekstrarfjármuna félagsins er fjármagnaður með erlendum lánum. Þeir gjaldmiðlar sem einkum skapa gengisáhættu eru EUR, CHF, JPY, USD, GBP.

20. Starfsþáttayfirlit

Starfsþáttaupplýsingar eru birtar eftir rekstrarsviðum félagsins samkvæmt skipulagi og innri upplýsingagjöf félagsins.

2025	Hitaveita	Vatnsveita	Fráveita	Gagnaveita	Fjarvarmaveita	Samtals
Rekstrartekjur	323.226.133	188.900.611	351.445.696	19.876.443	171.690.562	1.055.139.445
Rekstrargjöld án afskrifta	107.272.291	73.274.118	179.686.270	6.059.025	188.036.707	554.328.411
Hagnaður EBITDA	215.953.842	115.626.493	171.759.426	13.817.418	-16.346.145	500.811.034
Afskriftir	(59.322.560)	(32.013.794)	(48.525.287)	(7.566.044)	0	(147.427.685)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(25.495.380)	(1.224.787)	(4.540.415)	(12.021.132)	3.510.383	(39.771.331)
Tekjuskattur	(20.378.646)	0	0	0	0	(20.378.646)
Hagnaður ársins	110.757.256	82.387.912	118.693.724	(5.769.758)	(12.835.762)	293.233.372
Eignir starfsþátta	2.098.091.187	969.412.456	1.017.676.571	279.874.404	143.925.720	4.508.980.338
Skuldir starfsþátta	1.162.487.703	187.436.725	166.602.854	282.788.941	156.761.482	1.956.077.705
Eigið fé starfsþátta	935.603.484	781.975.731	851.073.717	(2.914.537)	(12.835.762)	2.552.902.632
Veltufé frá rekstri	184.871.560	114.304.990	167.603.776	1.796.286	(12.835.762)	455.740.850
Fjárfestingarhreyfingar	(180.769.207)	(84.859.895)	(314.228.201)	(3.408.699)	156.761.482	(426.504.520)
Fjármögnunarhreyfingar	(81.155.082)	(39.552.001)	147.102.386	(479.473)	(143.925.720)	(118.009.890)
2024	Hitaveita	Vatnsveita	Fráveita	Gagnaveita	Fjarvarmaveita	Samtals
Rekstrartekjur	312.511.644	189.750.093	323.543.959	15.681.078	0	841.486.774
Rekstrargjöld án afskrifta	133.037.990	77.649.132	156.964.183	6.536.830	0	374.188.135
Hagnaður EBITDA	179.473.654	112.100.961	166.579.776	9.144.248	0	467.298.639
Afskriftir	(57.083.791)	(27.076.696)	(44.459.676)	(7.394.952)	0	(136.015.115)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(47.293.766)	(10.243.189)	(2.062.943)	0	0	(59.599.898)
Tekjuskattur	(17.930.871)	0	0	0	0	(17.930.871)
Hagnaður ársins	57.165.226	74.781.076	120.057.157	1.749.296	0	253.752.755
Eignir starfsþátta	1.762.041.554	894.180.837	757.026.948	284.031.749	0	3.697.281.088
Skuldir starfsþátta	937.195.326	194.593.018	24.646.955	281.176.528	0	1.437.611.828
Eigið fé starfsþátta	824.846.228	699.587.819	732.379.993	2.855.221	0	2.259.669.260
Veltufé frá rekstri	139.800.156	99.848.360	165.247.538	9.144.248	0	414.040.302
Fjárfestingarhreyfingar	(69.051.563)	(122.284.081)	(107.609.756)	(7.406.294)	0	(306.351.694)
Fjármögnunarhreyfingar	(108.141.084)	23.375.832	(57.159.822)	(4.086.970)	0	(146.012.044)

Útgefandi: HEF veitur ehf. Ábyrgðarmaður: Aðalsteinn Þórhallsson, framkvæmdastjóri.
Efnisöflun: Védís Vaka Vignisdóttir, verkefnisstjóri og Nigar Khaligova.
Umbrot: Unnar Erlingsson. Prentun: Héraðsprent. Útgefið í mars 2026.





HEF veitur ehf. | Fellabrún 1 | 700 Egilsstaðir | Sími 4 700 780 | hef@hef.is | www.hef.is